

10. maí 2023

Fréttatilkynning: Afkoma Sínum hf. á fyrsta fjórðungi ársins 2023.

Áframhaldandi rekstrarbati í krefjandi umhverfi

Árshlutareikningur samstæðu Sínum hf. fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2023 var samþykktur á stjórnarfundum þann 10. maí 2023.

Rekstrarhagnaður (EBIT) Sínum hf. nam 428 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2023 og eykst um 6,7% á milli ára.

Ágætur tekjuvöxtur á milli ára þrátt fyrir sterkan samanburðarfjórðung árið 2022.

Hagnaður eftir skatta nam kr. 213 m.kr. samanborið við 207 m.kr. á sama tímabili árið 2022.

Afkomuspá fyrir árið er óbreytt þar sem gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBIT) nemi 2.200 til 2.500 m.kr.

Vænta má niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa Ljósleiðarans á stofnneti Sínum í sumar. Umsamið kaupverð er kr. 3.000 m.kr.

Sýnum hf. hefur náð samkomulagi um kaup á öllu hlutafé Eignarhaldsfélagsins Njálu, móðurfélagi Já hf., sem rekur vefsíðuna ja.is og eru þau viðskipti til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Á fjórðungnum var ákveðið að skila samtals 1.211 m.kr. til hluthafa félagsins.

Helstu niðurstöður:

- Tekjur á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2023 námu 5.860 m.kr. samanborið við 5.682 m.kr. á sama tímabili árið 2022. Því er um áframhaldandi bata í kjarnarekstri að ræða en fyrsti fjórðungur 2022 einkenndist af óreglulegum tekjum.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) á 1F nam 428 m.kr. og eykst um 6,7% miðað við sama tímabil í fyrra. Hagnaður eftir skatta nam 213 m.kr. en var 207 m.kr. í fyrra.
- Handbært fé frá rekstri á fyrsta fjórðungi nam 921 m. kr. samanborið við 1.107 m.kr. á 1F 2022.
- Hærri birgðastaða skýrist af endurflokkun og óvenjulegum magninnkaupum. Birgðastaðan mun lækka þegar líður á árið.
- Heildarfjárfestingar á 1F 2023 námu 1.120 m.kr. þar af eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum (án sýningarrétta) 559 m.kr. á móti 285 m.kr. á 1F árið 2022 og skýrist hækkun á milli ára að miklu leyti af fjárfestingu í 5G uppbyggingu. Fjárfestingar í sýningarréttum voru 561 m.kr. á 1F 2023 samanborið við 531 m.kr. á sama tímabili árið 2022. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og

sýningarréttum eru frambungar á árinu, en gera má ráð fyrir að um þriðjungi fjárfestinga ársins í varanlegum rekstrarfjármunum sé lokið og að hægist á fjárfestingum er líður á árið.

- Fjármögnunarhreyfingar eru neikvæðar um 1.259 m.kr. á móti 2.402 m.kr. á sama tímabili árið 2022. Inni í fjármögnunarhreyfingum á 1F 2023 eru m.a. kaup á eigin bréfum að fjárhæð 930 m.kr.
- Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og fjárhæð að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Umsamið kaupverð er 3.000 m.kr. og hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 m.kr. Söluhagnaður er því 2.436 m. kr. og mun bókfærast að fullu við afhendingu. Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 m.kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 m.kr. yfir samningstímann.
- Væntingar eru um aukinn ferðamannafjölda til Íslands í sumar sem koma til með að skila félaginu tekjuaukningu vegna reikisamninga er líður á árið.
- Miklar breytingar urðu á auglýsingamarkaði á ársfjórðungnum með brotthvarfi Fréttablaðsins. Ráðist hefur verið í aðgerðir á miðlum Sýnar sem miða að því að auka hlutdeild félagsins á auglýsingamarkaði.
- Góður árangur náðist í endursamningum við erlenda birgja. Samningar leiða til lægri afskrifta á árinu. Viðskiptaskuldir lækka af sömu ástæðu.
- Góður gangur var í starfsemi Endor á fjórðungnum og hefur félagið aukið hlutdeild sína á innlendum upplýsingatæknimarkaði á undanförunum misserum.
- Á fjórðungnum var ákveðið að skila samtals 1.211 m.kr. til hluthafa félagsins. Regluleg endurkaup voru í gangi í upphafi árs og til viðbótar var framkvæmt öfugt útboð 17. – 19. febrúar þar sem félagið keypti hluti fyrir 800 m.kr. Á aðalfundi 17. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd 19. apríl. Á aðalfundi var einnig samþykkt arðgreiðsla að fjárhæð 300 m.kr. Að teknu tilliti til eigin bréfa var greiðsla að fjárhæð 281 m.kr. innt af hendi þann 5. apríl.

Yngvi Halldórsson, forstjóri:

„Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkar um 7% á milli ára þrátt fyrir krefjandi samkeppnisaðstæður á öllum okkar mörkuðum. Við sjáum heilbrigðan tekjuvöxt en samanburðarfjórðungurinn var mjög sterkur vegna óreglulegra farsímatekna á síðasta ári. Áhersla okkar á aðhald í rekstri sem birtist m.a. í hagræðingaraðgerðum sem ráðist var í síðastliðið haust hafa gert okkur kleift að halda rekstrarkostnaði stöðugum þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í umhverfinu. Þá náðum við góðum árangri í samningum við lykilbirgja sem hefur jákvæð áhrif á rekstur okkar á árinu. Niðurstaða fjórðungsins er því samkvæmt áætlun.

Við höldum áfram ótrauð á þeirri umbreytingavegferð sem mörkuð hefur verið. Mjög góður og stöðugur árangur er á fyrirtækjamarkaði og nýjar áherslur í markaðsmálum eru farnar að líta dagsins ljós. Við væntum mikils af markaðssókn félagsins. Þar er stóra verkefnið að auka markaðshlutdeild Vodafone á fjarskiptamarkaði heimila.

Við erum með tvö mál í meðferð hjá Samkeppniseftirlitinu. Vænta má niðurstöðu vegna sölu á stofnneti okkar til Ljósleiðarans og Já í sumar. Já er spennandi viðbót í starfsemi og þjónustuframboði Síðnar. Miklir möguleikar fylgja öflugum lausnum og starfsfólki Já. Ekki síst nú þegar tækifæri eru til að nýta sér breytingar á auglýsingamarkaði.

Afkomuspá ársins er óbreytt en áfram eru mikil tækifæri í öllum rekstrareiningum Síðnar og munum við kynna ýmsar nýjungar í vöruframboði og lausnum á næstu mánuðum.“

Efnahagur 31. mars 2023:

Eigið fé í lok tímabilsins nam 8.454 m.kr. og eiginfjárlutfall var 26,1%.

Heildarskuldir félagsins voru 23.994 m.kr. í lok fyrsta fjórðungs 2023. Vaxtaberandi langtímaskuldir námu 4.704 m.kr. en hreinar vaxtaberandi skuldir að viðbættum leiguskuldbindingum voru 17.546 m.kr. og veltufjárlutfall 1,2.

Fjárhagsdagatal 2023:

- | | |
|--------------------------------|------------------|
| ✓ Afkoma 2F 2023 | 30. ágúst 2023 |
| ✓ Afkoma 3F 2023 | 8. nóvember 2023 |
| ✓ Afkoma 4F og ársuppgjör 2023 | 21. febrúar 2024 |
| ✓ Aðalfundur | 15. mars 2024 |

Frekari upplýsingar

- ✓ Eftir breytingar á lögum um upplýsingaskyldu skráðra félaga verður ekki fjárfestafundur til að kynna uppgjör 1F 2023. Næsti fjárfestafundur verður haldinn 30. ágúst 2023 en fjárfestar geta sent fyrirspurn á fjarfestatengsl@syn.is eða óskað eftir fundi.
- ✓ Nánari upplýsingar má nálgast á síðu fjárfestatengsla Síðnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.